

Nd.

778. Nefndarálit

[321. mál]

um frv. til vaxtalaga.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Í tíð núverandi ríkisstjórnar hefur stefnan í vaxtamálum verið meginágreiningsefni stjórnarflokkanna og Alþýðubandalagsins. Stefnan í vaxtamálum hefur leitt til þess að raunvextir hafa á tveimur árum hækkað úr 1% í 7% að jafnaði. Okurlánastarfsemi er heimil að mati Hæstaréttar.

Pegar dómarnir í okurmálinu svokallaða lágu fyrir um s.l. áramót ákvað viðskiptaráðherra að kalla til sérfræðinga sem hafa samið frumvarp til vaxtalaga. Nú liggur fyrir að verulegur ágreiningur er um málið og bent hefur verið á að samþykkt frumvarps þessa muni hafa í för með sér stórfellda tilfærslu fjármuna frá skuldurum til skuldareigenda umfram það sem gert er í raun ráð fyrir í samningum. Þá liggur það einnig fyrir að frumvarpið gerir beinlínis ráð fyrir því að okurlánastarfsemi geti haldið áfram þar sem vaxtataka er ekki talin refsiverð nema um mjög gróf brot sé að ræða. Því hefur ekki fengist svarað hverjir eru í raun

löglegir vextir og hvað eru okurvextir. Þess vegna dugir frumvarpið ekki á neinn hátt til að sporna við okurlánastarfsemi. Þá hefur meiri hluti Framsóknarflokksins og Sjálfstæðisflokksins í nefndinni ekki fengist til að taka inn breytingartillögu við frumvarpið þar sem vitnað er til seðlabankalaga og ríkisstjórn veitt heimild til að takmarka vexti þegar sérstaklega stendur á.

Minni hl. leggst því gegn samþykkt frumvarpsins og mun greiða atkvæði gegn 1. gr. þess og frumvarpinu í heild.

Með nefndarálitinu er birt grein Jóns Steinars Gunnlaugssonar úr Morgunblaðinu 7. mars s.l. og frumvarp hans um vaxtamál og álit Seðlabankans um sömu tillögu.

Alþingi, 9. mars 1987.

Svavar Gestsson.

Fylgiskjal I.

FRUMVARP TIL VAXTALAGA

Tillaga Jóns St. Gunnlaugssonar.

Tillögur um breytingar á frumvarpi til vaxtalaga í því skyni að teknar verði upp höfuðstólsbætur og eiginlegir dráttarvextir í stað dráttarvaxta sem samkvæmt frumvarpinu fela í sér hvort tveggja.

7. gr.

7. gr. frumvarpsins falli niður. 8. gr. verður 7. gr. o.s.frv.

III. KAFLI

Höfuðstólsbætur og dráttarvextir.

8. gr.

Í kafla þessum er fjallað um tvenns konar álag á gjaldkræfar peningkröfur, höfuðstólsbætur og dráttarvexti.

Höfuðstólsbætur merkja hækkun á höfuðstól kröfu á tilteknu tímabili, í hlutfalli við hækkun sérstakrar höfuðstólsvísitölu á sama tímabili.

Dráttarvextir merkja ákveðinn hundraðshluta á ári af höfuðstól kröfu að viðbættum höfuðstólsbótum sem lagst hefur við höfuðstólinn í lok dráttarvaxtatímabilsins.

Um höfuðstólsbætur.

9. gr.

Það er tilgangur ákvæða þessa kafla um höfuðstólsbætur að tryggja að kröfuhafi, sem fær kröfu sína greidda síðar en hann átti kröfu til lögum samkvæmt, fái höfuðstól kröfunnar greiddan með peningafjárhæð sem er jöfn að verðgildi á greiðslutímanum og höfuðstóll kröfunnar var þegar kröfuhafinn fyrst mátti krefjast greiðslu á henni. Skulu höfuðstólsbæturnar reiknast á höfuðstólinn eins og hann var þá að viðbættum þeim vöxtum eða öðru álagi sem höfuðstóllinn til þess tíma hefur borið samkvæmt samningi eða annarri heimild.

10. gr.

Aldrei skal reikna höfuðstólsbætur af dráttarvöxtum.

11. gr.

Reikna skal höfuðstólsbætur frá gjalddaga ef hann er fyrir fram ákveðinn.

Nú er gjalddagi ekki ákveðinn fyrir fram og skal þá reikna höfuðstólsbætur frá þeim degi er kröfuhafi fyrst mátti krefjast greiðslu. Þetta gildir þó ekki ef svo er um samið að krafa skuli gjaldfalla við uppsögn því að þá skal reikna höfuðstólsbætur frá þeim degi er krafan raunverulega gjaldfellur fyrir uppsögn.

Nú eru atvik með þeim hætti, af ástæðum sem kröfuhafa varðar og hann á kost á að bæta úr, að skuldari hefur enn ekki tök á að fá upplýsingar sem álíta verður nauðsynlegar til að meta réttmæti og stærð kröfunnar eða til að koma fram greiðslu og taka þá höfuðstólsbætur ekki að falla á kröfuna fyrr en frá þeim tíma er kröfuhafi bætir úr. Það tímabil, sem höfuðstólsbætur reiknast ekki af þessum sökum, skal krafan bera vexti sem eru jafnháir vegnu meðaltali vaxta af almennum óbundnum sparisjóðsreikningum hjá viðskipta-bönkum og sparisjóðum.

Ef um er að ræða skaðabótakröfu vegna tjóns, sem byggist á viðgerðar- og endurnýjunarkostnaði eða mati, skal þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. í fyrsta lagi reikna höfuðstólsbætur frá þeim degi er viðgerðar- og endurnýjunarkostnaður var greiddur eða frá þeim degi sem verðlag mats er byggt á. Hafi sá er skaðabóta krefst greitt viðgerðar- eða endurnýjunarkostnað með höfuðstólsbótum reiknast höfuðstólsbætur frá greiðsludegi á þá fjárhæð er hann þannig greiddi. Ef krafa er með öðrum hætti byggð á verðlagi á tilteknum degi skal í fyrsta lagi reikna höfuðstólsbætur frá þeim degi.

Nú er krafa greidd innan 15 daga frá þeim degi er reikna skyldi höfuðstólsbætur samkvæmt þessari grein og skal þá ekki reikna höfuðstólsbætur.

Þar sem sérstakar ástæður eru fyrir hendi geta dómstólar ákveðið að upphafstími höfuðstólsbóta skuli vera á öðrum tíma en mælt er fyrir um í þessari grein.

12. gr.

Höfuðstólsbætur skulu reiknast til greiðsludags kröfu.

13. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 88. gr., sbr. 193. gr. laga nr. 85/1936, má kröfuhafi í dómsmáli krefjast höfuðstólsbóta á höfuðstól kröfu án þess að tiltaka hversu hárrí fjárhæð bæturnar nemi.

Í dómi skal einnig ákveða, að kröfu aðila, að við dæmdan málskostnað skuli bætast höfuðstólsbætur fyrir tímabilið frá dómsuppsögu til greiðsludags.

14. gr.

Seðlabanki Íslands skal gefa út höfuðstólsvísitölu mánaðarlega, eigi síðar en síðasta dag hvers mánaðar, og skal sú vísitala gilda allan næsta mánuð. Höfuðstólsvísitala skal samsett að $\frac{2}{3}$ af vísitölu framfærslukostnaðar og $\frac{1}{3}$ af vísitölu byggingarkostnaðar eins og þær eru ákveðnar samkvæmt lögum hverju sinni. Skal til grundvallar útreikningi á höfuðstólsvísitölu í hverjum mánuði leggja nýjustu reiknuð eða áætluð gildi áður nefndra vísitalna næsta almanaxsmánuð á undan gildistökudegi nýrra höfuðstólsvísitölu. Þannig skal t.d. höfuðstólsvísitala sem reiknuð er út í lok marsmánaðar og gilda á fyrir aprílmánuð taka mið af áður nefndum vísitölum eins og þær eru ákveðnar fyrir marsmánuð.

Þá mánuði sem hvorki vísitala framfærslukostnaðar né vísitala byggingarkostnaðar er reiknuð út eða þá einungis önnur þeirra skal Seðlabankinn leggja spá um hækkun viðkomandi vísitölu þann mánuð til grundvallar við ákvörðun nýrrar vísitölu.

Við ákvörðun höfuðstólsvísitölu hverju sinni skal sleppa broti úr vísitölustigi, hálfu eða minna, annars hækka í heilt stig.

Rísi ágreiningur um grundvöll eða útreikning höfuðstólsvísitölu má vísa honum til þriggja manna nefndar til úrskurðar. Verði gerð breyting á grundvelli vísitölu, sem höfuðstólsvísitala er sett saman úr, skal nefndin fella úrskurð um það hver áhrif það skuli hafa á útreikning höfuðstólsvísitölu. Hagstofustjóri skal vera formaður nefndarinnar, en auk hans tilnefnir Hæstiréttur mann í nefndina og Seðlabankinn annan. Meðan ákvæði 44. gr. laga nr. 13/1979 haldast í lögum skal nefnd sú sem starfar samkvæmt þeirri grein einnig fara með úrskurðarvald í málum samkvæmt þessari grein.

15. gr.

Nú eykst verðgildi kröfu vegna aukningar á verðgildi íslensku krónunnar og þessi aukning kemur fram í lækkun á verðgildisvísitölu á því tímabili sem verðgildisbóta má krefjast samkvæmt lögum þessum og skal þá lækka höfuðstól kröfu um sama hlutfall og nemur lækkun verðgildisvísitölu umrætt tímabil.

Um dráttarvexti.

16. gr.

Dráttarvextir samkvæmt lögum þessum skulu vera 8% ársvextir til greiðsludags kröfu og skulu þeir reiknaðir af höfuðstól að viðbættum löglega umsömdum verðbótum (svo sem vöxtum) og höfuðstólsbótum eins og þær eru orðnar á greiðsludeginum.

Áfallnir dráttarvextir skuli lagðir við höfuðstól skuldar og nýir dráttarvextir reiknaðir af samanlagðri fjárhæð ef vanskil standa lengur en 12 mánuði. Aldrei skal reikna slíka dráttarvexti oftar en á 12 mánaða fresti.

17. gr.

Greiða skal dráttarvexti frá gjalddaga ef hann er fyrir fram ákveðinn.

Í öðrum tilvikum skal greiða dráttarvexti frá og með sama mánaðardegi næsta mánaðar eftir að kröfuhafi sendi frá sér kröfu um greiðslu eða koma fram með slíka kröfu. Sé sá mánaðardagur ekki til í mánuðinum skal skuldari greiða dráttarvexti frá síðasta degi hans. Skuldari skal þó ekki greiða dráttarvexti fyrir tímabilið fram að því að hann fær greiðslukröfu frá kröfuhafa. Þrátt fyrir ákvæði þessarar málsgreinar skal upphafstími dráttarvaxta vera í síðasta lagi frá þeim degi er kröfuhafi byrjaði lögsókn til heimtu skuldarinnar.

Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr. skulu dráttarvextir fyrst falla á þegar liðinn er einn mánuður frá þeim degi þegar skuldari gat aflað sér þeirra upplýsinga sem telja verður nauðsynlegar til að meta réttmæti og fjárhæð kröfunnar.

Þar sem sérstakar ástæður eru fyrir hendi, svo sem að verulegur vafi þyki hafa verið um réttmæti og stærð kröfu eða kröfuhafi þyki hafa sýnt verulegt tómlæti við heimtu kröfu, geta dómstólar ákveðið að upphafstími dráttarvaxta skuli vera annar en mælt er fyrir um í þessari grein.

Um sérstaka dráttarvexti.

18. gr.

Í tilvikum, þar sem gjalddagi skuldar er fyrir fram ákveðinn og skuld er greidd innan þriggja mánaða frá gjalddaga, má kröfuhafi í stað höfuðstólsbóta og dráttarvaxta samkvæmt lögum þessum krefjast sérstakra dráttarvaxta sem Seðlabanki Íslands ákveður í þessu skyni.

Sérstakir dráttarvextir, sbr. 1. mgr., af fjárkröfum í íslenskum gjaldmiðli skulu reiknaðir af Seðlabanka Íslands sem ársvextir með þeim hætti að hlutfallið milli dráttarvaxta að viðbætti tölunni 100 og ávöxtunar nýrra almennra útlána skv. 2. mgr. þessarar greinar að viðbætti tölunni 100 sé á bilinu 1,05 til 1,10. Dagvextir eru $\frac{1}{360}$ af ársvöxtum þannig reiknuðum.

Seðlabanki Íslands skal mánaðarlega reikna vegið meðaltal ársávöxtunar á nýjum almennum útlánunum hjá viðskiptabönkum og sparisjóðum og birta meðaltal þetta í Lögbirtingarblaði ásamt hinum sérstöku dráttarvöxtum skv. 1. mgr. og skulu þeir dráttarvextir gilda næsta mánuðinn eða uns næsta tilkynning er birt í Lögbirtingarblaði.

Almenn ákvæði.

19. gr.

Nú hljóðar krafa svo gilt sé að lögum um greiðslu í erlendri mynt eða íslenskum krónum eftir gengi erlendrar myntar á greiðsludegi og verður þá ekki krafist höfuðstólsbóta samkvæmt lögum þessum heldur einungis dráttarvaxta.

Kröfuhafi má þó ávallt krefjast þess að krafa sem stofnast hefur um greiðslu í eða miðað við erlenda mynt sé umreiknuð yfir í íslenskar krónur miðað við gengi viðkomandi myntar á þeim degi er kröfuhafi fyrst mátti krefjast greiðslu og beri síðan höfuðstólsbætur og dráttarvexti samkvæmt lögum þessum. Um upphafstíma höfuðstólsbóta og dráttarvaxta skal þá fara eftir 11. og 17. gr.

20. gr.

Þegar greiða skal höfuðstólsbætur eða dráttarvexti samkvæmt lögum þessum skulu sammingsvextir eða annað löglega um samið álag falla niður frá gjalddaga.

Nú hefur svo löglega verið um samið að skuld skuli bera álag og vexti fram að gjalddaga og má þá kröfuhafi ávallt krefjast þess að hin umsömdu kjör um skuldina að þessu leyti skuli gilda áfram eftir gjalddagann og koma í stað höfuðstólsbóta eða dráttarvaxta samkvæmt lögum þessum.

21. gr.

Ef skuldari býður fram greiðslu skuldar á gjalddaga eða síðar og greiðsla verður í öllu verulegu að teljast fullnægjandi efnd á kröfunni í heild eins og hún er þegar greiðslan er boðin fram, en atvik, sem kröfuhafann varða, koma í veg fyrir greiðsluna, skal ekki reikna höfuðstólsbætur á kröfuna fyrir það tímabil er slíkt ástand varir. Í stað þess skal krafan, eins og hún var í upphafi þessa tímabils, bera á þessu tímabili sömu vexti og greiddir eru af geymslufé (depositum) í viðskiptabanka á hverjum tíma. Dráttarvextir falla niður fyrir það tímabil er slíkt ástand varir.

22. gr.

Dómari í fógeta-, uppboðs- eða skiptarétti sker úr ágreiningi, sem upp kemur í máli, um hvort boðin er fram fullnægjandi greiðsla á skuld sem aðfarar-, uppboðs- eða skiptaúthlutunar er krafist fyrir.

23. gr.

Kröfuhafa er rétt að synja móttöku á greiðslu hluta gjaldkræfrar kröfu sinnar að viðbættum höfuðstólsbótum, dráttarvöxtum og kostnaði sem fallinn er á kröfuna, enda sé það ekki óverulegur hluti kröfunnar í heild sem á vantar. Nú tekur kröfuhafi við greiðslu á hluta og er honum þá heimilt að láta greiðsluna fyrst ganga inn á áfallna dráttarvexti og kostnað áður en greiðsla gengur til lækkunar á þeim höfuðstól kröfunnar með höfuðstólsbótum sem dráttarvextir reiknast af.

24. gr.

Um gildi sammings um hærri eða lægri álög eða févíti vegna vanefnda á skuldbindingu um peningagreiðslu eða vegna skyldu til greiðslu skaðabóta fer eftir almennum ákvæðum laga um gildi löggæringa.

25. gr.

Dómstólar geta beitt ákvæðum laga þessara að nokkru leyti eða öllu um peningakröfur utan sviðs fjármunaréttarins ef þeir telja sömu sjónarmið eiga að gilda um slíkar kröfur.

IV. KAFLI

Viðurlög og málsmeðferð.

17. gr. yrði þá 26. gr. og aðrar greinar mundu breytast til samræmis við það.

18. gr.

18. gr. falli niður, 19. gr. verði 27. gr. o.s.frv.

Ákvæði til bráðabirgða.

Nú hefur krafa um peningagreiðslu, sem fellur undir ákvæði laga þessara, orðið gjaldkræf fyrir gildistöku laganna og er þá kröfuhafa heimilt að krefjast frá gildistökuðeginum höfuðstólsbóta og dráttarvaxta samkvæmt lögnum af höfuðstól kröfunnar að viðbættum áföllnum dráttarvöxtum eins og þeir eru þá samkvæmt þeim lagareglum um dráttarvexti sem um kröfuna hafa gilt.

Fylgiskjal II.

*Eiríkur Guðnason,
Seðlabanka Íslands:*

Minnisblað til fjárhags- og viðskiptanefndar neðri deildar.

(3. mars 1987.)

Á fundi nefndarinnar hinn 25. febrúar s.l. var mælt til þess að Seðlabankinn kæmi því á framfæri við nefndina ef hann hefði einhverjar athugasemdir við frumvarp til vaxtalaga sem nú er til meðferðar. Í samtölum mínum við bankastjórnina hefur komið fram að frumvarpið er talið vel úr garði gert og að talið er brýnt að þetta mál fái afgreiðslu á þinginu sem nú situr.

Þá hefur verið beðið um álit á breytingartillögu frá Jóni Steinari Gunnlaugssyni hrl. Þess efnis að í stað vanskilavaxta skuli gilda höfuðstólsbætur (=verðbætur) og fastir 8% vextir. Séu gerð skil innan þriggja mánaða geti kröfuhafi þó valið venjulega dráttarvexti eða höfuðstólsbætur og 8% ársvexti. Drög að hliðstæðu frumvarpi voru samin fyrir nokkrum árum á vegum viðskiptaráðuneytisins en hafa ekki verið lögð fram á þingi. Naumur tími hefur gefist til að skoða breytingartillöguna en rétt er að geta hér nokkurra ábendinga þó að flestar hafi þær þegar komið fram á fundum nefndarinnar.

1. Vegna breytinga í vaxtamálum, einkum að því er varðar raunvexti, sýnist nú minni ástæða til að innleiða höfuðstólsbætur en þegar frumvarpsdrög um þær voru fyrst samin. Vikið er að þessu atriði í greinargerð frumvarpsins. Þyki vaxtafrumvarpið leiða til of hárra dráttarvaxta má ráða bót á því með lækkun margfeldisstuðla í 1. mgr. 10. gr.
2. Höfuðstólsbætur og fastir vextir geta verið í ósamræmi við almenn vaxtakjör í landinu hverju sinni.
3. Því er haldið fram að einfaldara sé að reikna út kröfu með höfuðstólsbótum og föstum vöxtum en vejulegum dráttarvöxtum. Þetta er rétt ef krafan er gerð upp í einu lagi. Sé hún gerð upp með innáborgunum flækist málið. Þá verða málin flókin við það að gefa valfrelsi milli tveggja ólíkra aðferða fyrstu þrjá mánuði vanskila eins og breytingartilagan gerir ráð fyrir.
4. Vilji menn stefna í áttina frá verðtryggingu sýnist tillagan ganga í öfuga átt.

5. Í breytingartillögunni er gert ráð fyrir að auglýst sé sérstök „höfuðstólsvísitala“ og er henni lýst í 14. gr. Samkvæmt lýsingunni yrði vísitalan nákvæmlega eins og lánskjaravísitalan er nú. Ætti því að vera óþarfi að bæta nýrri vísitölu í safnið.
6. Við útreikning verðbóta myndast skekkjur þegar tímabil teljast ekki í heilum mánuðum en vísitalan, sem við er miðað, er mánaðarleg. Slíkar skekkjur yrðu metnar þegar um stutt tímabil er að ræða.

Mér er kunnugt um að bankastjórn Seðlabankans telur breytingartillöguna of seint fram komna til að hægt sé að gera sér skýra mynd af gildi hennar gagnvart ýmsum ákvæðum frumvarpsins sem þegar hafa verið vandlega ígrunduð.

Fylgiskjal III.

Jón Steinar Gunnlaugsson:

Hundruð milljóna úr vasa skuldara samkvæmt frumvarpi til vaxtalaga?

Seðlabanki Íslands hefur undanfarna áratugi farið með ákvörðunarvald um vexti í landinu. M.a. hefur bankanum verið falið að taka ákvarðanir um dráttarvexti, þ.e. vexti sem skuldari þarf að greiða eftir að skuld er komin í vanskil.

Það er vægt til orða tekið að segja að ákvarðanir bankans um þessi þýðingarmiklu efni hafa í gegnum tíðina tekist hörmulega illa. Lengst af voru þær þannig að dráttarvextir voru ákveðnir allt of lágir. Nægðu þeir þá hvergi nærri til þess að bæta kröfuhafa verðyrnun kröfu hans í verðbólgunni. Var áratugum saman það „réttar“-ástand ríkjandi að sá sem braut rétt á öðrum með því að vanefna peningaskuld hagnaðist stórlega á vanefndinni.

Nú er öldin önnur. Eftir að verðbólga lækkaði og svonefndir raunvextir tóku að ríkja á lánamarkaði hafa ákvarðanir bankans um dráttarvextina hækkað upp úr öllu valdi. Voru þeir t.d. mestallt síðasta ár 27% ársvextir meðan verðbólga er talin hafa verið 12–14%. Í þessu hafa falist ósiðlegar álögur á skuldara þessara krafna.

Dæmi má taka: Krafa að fjárhæð 100 000 kr. gjaldféll 1. apríl 1986 og var greidd 25. febrúar 1987. Þá þurfti skuldarinn að greiða 124 375 kr. samkvæmt ákvörðunum Seðlabankans um dráttarvexti. Ef sama fjárhæð hefði þennan tíma verið verðtryggt miðað við lánskjaravísitölu og borið í ofanálag t.d. 8% dráttarvexti hefði skuldarinn þurft að greiða 119 937 kr. eða 4438 kr. minna en samkvæmt ákvörðunum bankans. Hér er um mikinn mismun að ræða af ekki hærri fjárhæð.

Núna er verið að afgreiða á Alþingi frumvarp til vaxtalaga þar sem ríkjandi ástand á þessu sviði er sérstaklega löghelgað, þar með talið ákvörðunarvald Seðlabankans eftir sömu útreikningsaðferð og bankinn hefur notað að undanfögnu. Við meðferð á því frumvarpi hafa verið kynntar fyrir þingmönnum tillögur þess efnis að í lögnum yrði efnislega kveðið á um að kröfur í vanskilum skyldu annars vegar halda verðgildi sínu miðað við sérstaka vísitölu og hins vegar bera fasta vexti (t.d. 8%) sem yrðu lögákveðnir. Slíkur háttur í lögum mundi á einfaldan hátt tryggja sómasamlegt og traust réttarástand á hvaða tíma sem er, þ.e. hvort sem verðbólga er mikil eða lítil, vaxandi eða minnkandi. Þessar tillögur hafa hlotið stuðning víða, m.a. hjá fulltrúum Dómarafélags Íslands, Lögmannafélags Íslands og Lögfræðingafélags Íslands. Rennur flestum félagsmönnum þessara félaga til rifja hversu efnisréttur á þessu sviði hefur gersamlega mislukkast, ýmist þannig að sá hefur hagnast sem brotið hefur rétt á öðrum eða þannig að á hann eru lagðar ósæmilegar álögur.

En valdamenn í Seðlabanka vilja ekkert hlusta á þetta. Þeir hafa lagt ofurþunga á að knýja sitt mál í gegn, þannig að nú sýnist það ætla að takast. Alþingismenn virðast ætla sér að viðhalda vitleysunni. Það mun þá a.m.k. á næstunni gerast á kostnað þeirra sem eru svo ógæfusamir að geta ekki greitt skuldir sínar á réttum gjalddögum. Og bankarnir verða sjálfsagt vel haldnir af dráttarvaxtatekjum sínum.

Ekki er gott að segja hve miklir hagsmunir eru hér í húfi. Á síðasta ári voru höfðuð rúmlega 17 000 skuldamál á bæjarþingi Reykjavíkur einu. Og flestar vanskilaskuldir eru greiddar án málshöfðunar. Ætli vaxtafrumvarpið leiði ekki til álaga á vanskilaskuldara næsta árið sem nema nokkrum hundruðum milljóna fram yfir það sem væri miðað við skaplegar reglur, svo sem þær sem um var getið? Kannske þingmenn telji að þarna séu bökin breiðust?